

**Mættir:**

Þorsteinn Gunnarsson (bæjarskrifstofa) - Fráfarandi formaður  
Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofa) - Verðandi formaður  
Daníel Júlíusson (grunnskóli)  
Lóa Björg Björnsdóttir (leikskóli)  
Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (leikskóli)

Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri sat einnig fundinn.

**1. Vinnuverndarnámskeið fyrir nýja nefndarmenn**

Vinnuverndarnámskeið eru haldin að hausti, af Vinnuverndareftirlitinu og Vinnuvernd.is - formaður athugar með tímasetningar og nýjir nefndarmenn verða sendir á námskeið. Næstu námskeið verða haldin 23. og 24. september

**2. Skipun nefndarinnar**

Farið var yfir fulltrúa í nefndinni fyrir komandi kjörtímabil, en einhver reikistefna var með fulltrúa frá höfninni, Miðgarði og þjónustumiðstöð, Laut og grunnskólinn eru að kjósa nýtt fólk.

**3. Flóttaleiðir í grunnskólum og Laut.**

Málin eru í vinnslu á öllum starfsstöðvum. Sigmar ætlaði að tala við arkitekt íþróttamannvirkis um flóttaleiðir þar. Danni er að vinna í uppsetningu merkinga í grunnskólanum. Merkingar vantar á söfnunarsvæði í grunnskólunum.

**4. Áhættumat stofnanna**

Vinna við áhættumat stofnanna heldur áfram frá fyrri vetri. Nefndarmenn fara í gegnum áhættumat sinnar stofnunnar og klári fyrir næsta fund.

**5. Stæði fyrir hreyfihamlaða**

P-merkt stæði fyrir hreyfihamlaða vantar við flestar stofnanir. Siggeir stofnar mál og ýtir á eftir því við byggingarfulltrúa. Stofnanir: Skólinn, Laut, Krókur, Þjónustumiðstöðin, Kvikann, höfnin, slökkvilið, tjaldsvæðið og Miðgarður. Í framhaldi þarf að skoða öll aðgengismál í stofnunum, rampa, þröskulda, hurðir og slíkt. Hægt er að panta úttekt frá Öryrkjabandalaginu til að taka út aðgengismál.

**6. Hjartastuðtæki**

Formaður sendi út minnisblað og minni forstöðumenn stofnanna á að gera ráð fyrir hjartastuðtæki í fjárhagsáætlun, með vísun í fundagerð 12. fundar.

## **7. Stillingar á vinnustöðvum**

Vinnuverndarnefnd og verkefni hennar verða kynnt í næstu Þórkötlunni. Minna starfsmenn á að tala við sinn yfirmann ef stilla þarf stóla og skrifborð.

**Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 6. október kl. 14:30**

**Fleira ekki bókað.**

**Fundi slitið 16:00**